

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.
Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

260. tbl - 6. árg.

6. júlí 2006



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR
- bak hjarl í byggð

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001
www.spo.is

Fjölmenni á Færeyskum dögum

Um síðustu helgi voru Færeyskir dagar haldnir í Ólafsvík í níunda sinn. Talið er að á milli 5 og 6 þúsund manns hafi sótt Ólafsvík heim af þessu tilefni og því eðlilega margt um manninn og einnig misjafnir sauðir inn á milli. Tvær líkamsrásir voru kærðar eftir helgina og talsvert var um pústra og slagsmál sem ekki komu inn á borð lögreglu. Þegar svo margir koma saman og hafa áfengi um hönd er kanski eðlilegt að einhver fjöldi þurfi á aðstoð lækna og hjúkrunarfólks að halda, aðfaranótt sunnudags þurftu það margir á aðstoð að halda að biðröð myndaðist fyrir utan Heilsugæslustöðina í Ólafsvík svo að halda mátti að þar væri verið að selja miða á tónleika með einhverri þekktri hljómsveit.

Heimamenn hófu undirbúning einhverjum vikum fyrir hátíðina og hvað sem

hægt er að segja um helgina sjálfa þá varð þetta til þess að margir drifu í breytingum og endurbótum á umhverfi sínu sem kanski hefðu ekki verið framkvæmdar ef ekki hefðu verið Færeyskir dagar. Mjög skemmtilegt var að fylgjast með undibúningi síðustu vikuna, þá var búið að skipta Ólafsvík niður í hverfi sem hétu Færeyskum nöfnum og hafði hvert hverfi sinn lit. Ótrúleg hugmyndaauði kom í ljós þegar kom að því að koma lit hverfisins á framfæri og mikið af skemmtilegum skreytingum.

Aðstandendur Færeyskra daga 2006 eiga hrós skilið fyrir allt það starf sem þeir hafa lagt á sig í sjálfböðavinnu og þó að aldurssamsetning gesta hafi kanski ekki verið eins og best er á kosið þetta árið þá er rétt að staldra við, læra af þessu og gera betur næst.




FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

HÚS TIL SÖLU

Norðurtangi 9b



288 fm. iðnaðarhúsnæði byggt úr forsteyptum einingum árið 1986. Húsið er á tveimur hæðum. Á neðri hæð er forstofa, starfsmannaástaða og stór salur með innkeyrsluhurð. Á efri hæð er verbúð með fjórum svefnherbergjum, eldhúsi, baðherbergi þvottahúsi og geymslum.

Óskað er eftir tilboðum í eignina.

*Sjá nánari upplýsingar um eignirnar og aðrar eignir á skrá á heimasíðu fasteignasölu: fasteignsnae.is
Á Fasteignasölu Snæfellsness eru öll störf unnin af löggiltum fasteignasala sem tryggir öryggi í viðskiptum.*

Fasteigna- og skipasala Snæfellsness
Pétur Kristinsson, hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali.
Sími 438-1199, netfang pk@simnet.is
Heimasíða: fasteignsnae.is

Sandaragleði 2006

14. – 16. júlí

Íbúar á Hellissandi, Rifl og gestir

Götuskreytingakeppnin er að hefjast !

Hvaða gata skarar fram úr þetta árið ?

Minum á hæfileikakeppnina á föstudagskvöldið !

Byrjið strax að æfa t.d. dans, söng, litbragðsleik eða galdra.

Munið að skrá ykkur hjá Sirry270@simnet.is

Eruð þið byrjuð að hanna **flugdreka** og æfa ykkur að fljúga þeim ?
Hugmyndir á síðunni kites.com

Viltu selja / gefa eitthvað á **markaði** eða vera með tombólu ?
Láttu Önnu Þóru vita sem fyrst.

Skoðuðu síðu Sandaragleðinnar á snb.is.

Undirbúningsnefndin

Gilið auglýsir

HM – í beinni

3. sætið laugardaginn 8. júlí kl. 19:00
Úrslitaleikurinn sunnudaginn 9. júlí kl. 18:00



Tilboð á barnum í gangi föstudags- og laugardagskvöld

Kaffi og kökur.....

Endilega kikið við!

Fimm ára afmæli Þjóðgarðsins



Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull varð 5 ára miðvikudaginn 28. júní. Haldin var veisla í Grunnskólanum á Hellissandi og voru um 100 manns þar saman komnir. Umhverfisráðherra Jónína Bjartmarz og bæjarsjóri Snæfellsbæjar Kristinn Jónasson fluttu ávarp og Árni Bragason forstöðumaður náttúruverndarsviðs UST og Guðbjörg Gunnarsdóttir þjóðgarðsvörður röktu sögu og starfsemi þjóðgarðsins frá stofnun hans. Ungir píanóleikarar úr Ólafsvík léku fyrir gesti og hápunkturinn var verðlaunaafhending í hönnunarsamkeppni um þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi. Vinningstillagan kom frá Ar-

kís ehf. og voru höfundarnir Birgir Teitsson, Arnar Þór Jónsson, Edda Kristín Einarsdóttir, Sara Axelsdóttir og Pröstur Geir Árnason.

Boðið var upp á kaffi og kökur og endaði dagskráin á því að gengið var að svæðinu þar sem þjóðgarðsmiðstöðin mun rísa í landi Hjarðarholts á Hellissandi. Sæmundur Kristjánsson leiðsögumaður rakti sögu Hjarðarholts og ábúenda þar en á lóðinni má finna rústir bæjarins og verða þær varðveittar. Blíðskapar veður var og skartaði Jökullinn sínu fegursta, heiður og tær eins og hann var á stofndegi þjóðgarðsins fyrir 5 árum.

Dekkja- og smurþjónusta
Snæfellsbæjar

Ólafsvík - Snæfellsbæ

**Smur- og dekkjaþjónusta
ásamt viðgerðum.**

Förum yfir bilinn fyrir skoðun

Dekk og smurþjónusta snæfellsbæjar
Eennisbraut 55 - Sími: 436 1505

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík

355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

KÆLIVER EHF

Hafliði Sævaldsson GSM: 893-1906

Steinar Vilhjálmsson GSM: 8944310

Súðarvogi 28 S:5874530 - 5303100

Berserkur '06

Nú fer senn að liða að lista-hátíð ungs fólks, sem haldin verður dagana 24.-29.júlí á Snæfellsnesi. Í boði vera fjölbreyttar og stór skemmtilegar smiðjur fyrir ungmenni á aldrinum 16-25 ára. Skráning í smiðjur hefst föstudaginn 07.júlí og verður hægt að skrá sig í síma 891-7802 frá

kl: 9:30-16:30 eða á netfanginu thora@skoli.net, vinsamlegast takið þá fram; nafn, aldur, kennitölu, heimilisfang, gsm og heiti á smiðju. Skráningargjald er 2000.- og fæst ekki endurgreitt. Fjöldatakmörkanir eru í smiðjur, því er nauðsynlegt að skrá sig tímanlega.

Þær smiðjur sem í boði verða frá mánudegi til föstudags eru; art Craft, stuttmyndasmíðja, hljómsveitar-smíðja, leiklistarsmíðja/götu-leikhús. Skartgripagerð, tónlistarsmíðja og ljósmynda-smíðja verða frá miðvikudegi til föstudags.

Einungis er hægt að skrá sig í eina smiður en gott er að velja aðra til vara.

Við hvetjum öll ungmenni á aldrinum 16-25 ára að skrá sig í smiðjur eða taka þátt í þeim viðburðum sem Berserkurinn býður upp á.

Berserkurinn auglýsir eftir áhugasömum einstaklingum til þess að troða upp á skemmtikvöldum listahátíðarinnar. Um er að ræða gjörninga og listakvöldið open mic, tónlistar og trúbadorakvöldið Fimmtudagsberserkinn, og tónlistarveisluna Berserkjarokk. Nú þýðir ekkert að vera feiminn, bara taka þátt og láta ljós sitt skína.

Berserkurinn auglýsir eftir áhugasömum einstaklingum til þess að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar og vinna með framkvæmdarstjórum hátíðarinnar.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í dagskrá Berserksins eða starfa að undirbúningi hátíðarinnar er bent á að hafa samband við Þóru Möggu (891-7802) eða Sonju (690-9601).

Nánari upplýsingar um hátíðina veita:

Þóra Margrét Birgisdóttir - thora@skoli.net, 891-7802

Sonja Karen Marínósdóttir - sonjama@khi.is, 690-9601

SMÁUGLÝSING

Til leigu

Til leigu eru lítil íbúð á Hellissandi, og stór íbúð á Rífi, báðar lausar strax. Einnig til leigu 56 m² bílskúr í Ólafsvík. Upplýsingar í síma 8963867 Kristján.



**Höfum opnað
vöruafgreiðslu
inni í porti
gamla frystihússins**

Farið er frá ADALFLUTNINGUM Skútuvogi 8, Reykjavík
kl. 17:00 alla virka daga.

Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.
Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613

Héðinsmótið tókst vel



Stígahæstur karla varð Auðunn Jónsson en stígahæst kvenna var Jóhanna Eyvindsdóttir.

Með hverju ári hafa þátttakendum fjölgað sem hafa tekið þátt í minningarmótinu um hann Héðinn. Mótið hefur því orðið stærra og umfangsmeira en við höfðum þorað að láta okkur dreyma um í byrjun. Hefur það veitt okkur mikla ánægju að vita að þátttakendur hafa lýst ánægju sinni með hvað vel hafi verið staðið að mótinu. Mótið í ár tókst mjög vel og er gaman frá því að segja að í ár voru slegin 4 Íslandsmet og voru þau sem hér segir:

Í kvennaflokki var það María Guðsteinsdóttir í 75 kg flokki sem tvíbætti metið. Tók fyrst 95 kg og síðan 100 kg. Gamla metið átti Margrét Sigurðardóttir.

Í karlaflokki voru það Ingvar Jóel Ingvarsson í 100 kg flokki en hann lyfti 222,5 kg og bætti met Svavars Smárasonar.

Jakob Baldursson bætti eigið met í 110 kg flokki þegar hann lyfti 265 kg. Auðunn Jónsson í 125 kg flokki lyfti 280,5 kg. Gamla metið átti Ingvar Jóel Ingvarsson.

Óskum við þeim til hamingju með góðan árangur. Einnig viljum við þakka öllum keppendum sem sáu sér fært að mæta og hafa því gert mótið fjölbreyttara og skemmtilegra fyrir vikið.

Að halda svona mót hefði allrei verið hægt án allra sem sýnt hafa okkur stuðning í gegnum tíðina.

Eftirtöldum aðilum viljum við þakka fyrir stuðninginn í ár:

Brim, Fiskamarkaður Íslands, Fiskiðjan Bylgjan, Fiskverkun KG, Hraðfrystihús Hellissands, Nesver ehf, Ragnar og Ásgeir, Snæfellsbær, Söluskáli ÓK, Steinunn SH, Sjávariðjan, Sparisjóður Ólafsvíkur, Sólar sport, Valafell, Hótel Ólafsvík, Eignarhaldsfélagið Krókháls ehf og Alfons Finnsson.

Kærar þakkir fyrir alla þá hjálp sem þið hafið veitt okkur til að gera mótið veglegra og veigameira með hverju árinu.

Kveðja
Aðstandendur Héðinsmóts í bekkpressu

VEIÐIVÖRÐUR

Stangveiðifélagið Lax-á óskar eftir veiðiverði á vatnasvæði Lýsu.

Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 692-3207 eða hjá steinar@lax-a.is



ICELANDIC GAME SHOOTING CLUB
THE ANGLING CLUB LAX-Á

RAGNAR & ÁSGEIR EHF.

STYKKISHÓLMI - GRUNÐARFIRÐI - SNÆFELLSBÆ



Óskum eftir að ráða starfsmann á skrifstofu í Snæfellsbæ

tölvukunnátta æskileg.

Vinnutími 9-4

þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hringið í síma 430 8100

Sparisjóðurinn styrkir Víking



Fyrir skömmu var undirritaður styrktarsamningur á milli knattspyrnudeildar Víkings og Sparisjóðs Ólafsvíkur en Sparisjóðurinn hefur komið myndarlega að stuðningi við knattspyrnudeildina undanfarin ár. Á meðfylgjandi mynd sjást Helga Guðjónsdóttir sparisjóðsstjóri og Jónas Gestur

Jónasson formaður knattspyrnudeildar handsala samninginn og með þeim á myndinni eru Snæbjörn Aðalsteinnsson og Jón Steinar Ólafsson leikmenn meistaraflokks og í bakgrunni eru krakkarnir og leiðbeendurnir á leikjanámskeiði Víkings.

Þín verslun

Nýtt kjóttibóð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgdir endast.

Fjöldi annara tilboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgdir endast.

Verslunin Kassinn ehf.

Núllartorgi 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1378 fax 436-1346
meil. kassinn@kassinn.is

Fréttir af frjálsum

Barna- og unglíngamót HSH í frjálsum íþróttum var haldið dagana 27. og 28. júní sl.

Það var ungmennafélagið Snæfell sem hélt yngra mót-ið sl. þriðjudag á Stykkis-hólmsvelli.

Þátttakendur voru rúm-lega þrjátíu 10 ára og yngri og lögðu hart að sér í keppn-inni sem var hin drengileg-asta. Að lokinni keppni fengu keppendur þátttöku-pening. Mótsstjóri var Stein-unn Ingibjörg Magnúsdóttir Snæfelli.

Mótshaldari eldra mótsins þ.e. 11 ára og eldri var ung-mennafélagið Staðarsveit og fór keppnin fram á Lýsuhóls-

velli sl. miðvikudag. Á mót-inu kepptu tæplega fjórutíu unglíngar sem létu ekki á sér standa enda miklir sóma keppendur þar á ferð sem halda uppi merkjum HSH. Ekki hefur verið haldið mót á Lýsuhóli í allnokkur ár og var því kærkomið að færa mótið suður fyrir fjall. Móts-stjóri var Kristján Þórðarson Umf. Staðarsveit. Eldra mót-ið er stigakeppni milli aðild-arfélaganna og sigurvegari mótsins var Snæfell með 364 stigum, UMFG í öðru sæti með 174, Víkingur/Reynir í þriðja sæti með 129 stig og Umf. Staðarsveit í fjórða sæti með 118 stig.

KNATTSPYRNA

1. deild karla

Ólafsvíkuvöllur

Víkingur Ó - HK

Föstudaginn 7. júlí

kl. 20:00

Verð aðgöngumiða kr. 1.000 fyrir 16 ára og eldri,
frítt fyrir yngri.



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is

FISKIHLAÐBORÐ

Í Arnarbæ, Arnarstapa
laugardagskvöldið 14. júlí og
sunnudagskvöldið 15. júlí ef næg þátttaka fæst.

Kokkur er Bjartmar frá Hótel Holti.

14 - 15 spennandi réttir úr matarkistu hafsins.

Lifandi tónlist

Hámark 50 manns hvort kvöld.



Leikjanámskeiði lokið



Leikjanámskeiði Víkinga er lokið og var þátttaka mjög góð. Yfir 70 krakkar skemmtu sér mjög vel og var m.a. farið á hestbak, veiðiferð, fyrirtækjaheimsóknir, golf og margt fleira. Leiðbeinendur voru Ejub Purisevic, Jón Steinar Ólafsson, Stein-

unn Lárusdóttir, Dalibor Nedíc og Matej Grobovesk. Styrktaraðilar leikjanámskeiðsins voru Snæfellsbær, Sparisjóður Ólafsvíkur, Prinsinn og Brauðgerð Ólafsvíkur og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir stuðninginn.



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199